

MOSFELLINGUR

12. tbl. 6. árg. föstudagur 28. september 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



RÉTTAR FRÉTTIR

...úr Mosfellsdal og Kjós
bls. 7



Myndir/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Prastarhöfði



107 m² íbúð + bílskýli.
Glæsileg endaíbúð á efstu hæð
með miklu útsýni. Verð 33,2m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is




Sjá nánar á bls. 3

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali



Erum flutt í Háholt 13-15

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Álafossvogi 18, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkörk: Hjördis Kvaran Einarsdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki
vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 19. október.

Fagna komu Sundabrautar

Skipulagsmál eru oft þau mál sem brenna mest á þjóðinni. Sundabraut er eitt þeirra, enda ein mesta framkvæmd sem ráðist verður í á næstu árum í samgöngu- málum ef að líkum



lætur. Án nokkurs vafa á verðandi Sundabraut eftir að létta umferðarþunga af Vesturlandsvegnum í gegnum bæinn okkar, Mosfellsbæ, talsvert. Sundabrautin

mun liggja frá Sæbrautinni í Reykjavík og yfir á Kjalarnesið með viðkomu á nokkrum stöðum. Það er því fagnaðarefni fyrir okkur að við losnum við þá óþarfa umferð sem fer hér í gegn. Enda er fátt sem við gerum til að stoppa ferðalanga nema þá helst KFC sem margir grípa með sér á heimleið. Það er því alveg eins gott að við Mosfellingar unum vel í okkar heimahögum án frekari umferðar og ekki síst þungaflutningum sem um veginn fara. Hvort sem Sundabrautin verði í formi ganga eða brúar, einföld eða tvöföld, þá er hún bara gott mál fyrir okkur Mosfellinga. Sundabraut, já takk!

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



Reykjavegi 36
Sími 566 6103

www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar þessir ungu knattspyrnu-drengir kepptu á Pollamóti á Tungubökkum. Myndin er tekin fyrir 20 árum eða árið 1987. Þessir drengir eru því orðnir aðeins eldri í dag en þegar þeir kepptu á Pollamótinu, styrktir af Búnaðarbankanum í Mosfellssveit.

Efri röð frá vinstri: Benjamín Ingi Böðvarsson, Björn Örvar Björns-son, Páll Ágúst Ólafsson, Magnús Þór Magnússon, Ágúst Markússon, Þorvaldur Árnason, Hrafn Leó Guðjónsson. **Neðri röð frá vinstri:** Ólafur Grétarson þjálfari, Sigfinnur Fannar Sigurðsson, Atli Reynir Reynisson, Davíð Jón Ríkharðsson, Ólafur Már Gunnlaugsson, Pétur Berg Matthíasson



FERMINGARMYNDIN hans Grétars Snæs

Nafn: Grétar Snær Hjartarson. „Ég fermdist 20. maí 1951 á Flat-eyri og prestur var sr. Jón Ólafsson. Í þá daga voru ekki notaðir fermingarkirtlar heldur þurftum við strákarnir að vera í svörtum fötum og með beinhörðum og stífum manndráparaflibba. Á þessum tíma tílkaðist það að fermingarbörnfenguarmbandsúr að gjöf. Ég stalst til að opna skúffu í skrifborði föður míns og í henni var armbandsúr, ekki kringlótt eins og títt var, heldur ferkantað með svartri skífu. Eitt sinn voru tveir félagar mínir í heimsókn og sýndi ég þeim djásnið. Eftir fermingu var að sjálfsgöðu veisla, en eftir það mátti sjá fermin- garbörnin ganga um götur eyrarinnar og þá voru úrin auðvitað sýnd og þótti öllum mikið til um úrið mitt fer- kantaða. Foreldrar mínir fengu aldrei vitneskju um það að ég hafði tekið forskot á sæluna og skoðað úrið mitt.“



HÉÐAN OG ÞAÐAN





www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ**

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Hagaland - einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 209,6 m² einbýlishús með bílskúr við Hagaland 16 í Mosfellsbæ. Húsið er 154,1 m² á einni hæð ásamt 55,5 m² bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, stór stofa og gott eldhús. Skriðkjallari undir húsinu. Falleg aðkoma og skjólgóður og gróinn garður. **Verð 45,8 m.**



Þrastarhöfði – 3/4 ra herb. + bílskýli

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu afar glæsilega 3ja til 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli við Þrastarhöfða 5 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög glæsileg, með eikar plankaparketi og flísum á gólf, hnotu innhurðar og innréttingar hvítar/hnota. Hér hefur hvergi verið til sparað – frábær staður, sundlaug, líkamsrækt, skóli, leikskóli, golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. **Verð 33,2 m.**



Þverholt – 4/5 herbergja

NÝTT Á SKRÁ Var að koma, 118,5 m², 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð við Þverholt 9 í Mosfellsbæ. Íbúðin er með 3 góðum svefnherbergjum, en geymsla á gangi hefur einnig verið notuð sem herbergi. Stórt eldhús, sér þvottahús og góð stofa. Þetta er vel skipulögð íbúð á hagstæðu verði á miðbæjarsvæði Mosfellsbæjar. **Verð 25,8 m.**



Urðarholt – 2ja herb.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá 64,3 m², 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í litlu 3ja hæða fjölbýli við Urðarholt 7 í Mosfellsbæ. Stórt hjónaherbergi, flísalagt baðherbergi m/kari, björt stofa og eldhús með borðkrók. Geymsla og sameiginl. þvottahús í kjallara. Góður staður í miðju Mosfellsbæjar, stutt í þjónustu og verslanir. **Verð 17,7 m.**



Blikahöfði – 2ja herb + bílskúr

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 76,9 m², 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli með opnum stigagangi. Íbúðin er rúmgóð og björt, eikarparket og flísar á gólfum. Íbúðinni fylgir 27,6 m² bílskúr með góðu millilofti. Þetta er draumastaður, rétt við nýjan grunnskóla og leikskóla, svo er ein flottasta sundlaug landsins, golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. Íbúðin getur verið laus fljótlega. **Verð 23,5 m.**



Tröllateigur – 133,5 m² endaíbúð

Vorum að fá mjög glæsilega 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 4ra hæða lyftublokk með bílastæði í lokaðri bílageymslu við Tröllateig 20 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög stór og rúmgóð, stór stofa og borðstofa, eldhús með fallegri eikarinnréttingu, tvö svefnherbergi, flísalagt baðherbergi og stórt þvottahús ásamt geymslum. Bílastæði í bílageymslu og tvær stórar geymslur. Þetta er topp íbúð á besta stað í húsinu. **Verð 31,5 m.**



Helgugrund 3 – 204,0 m² einbýlishús

Erum með í sölu glæsilegt og vel hannað 204,0 m² einbýlishús á einni hæð við Helgugrund 3 á Kjalarnesi – norður Reykjavík. Fjögur svefnherbergi, glæsilegt eldhús, hvítt með Miele tækjum. Baðherbergi m/kari og sturtuklefa, stór stofa og gestasalerni. Plankaparket og flísar á gólfum og 2,75 cm lofthæð. Þetta er mjög flott eign á frábæru verði. **Verð kr. 47,9 m.**

Einbýlishúsalóðir í Mosfellsbæ

NÝJAR LÓÐIR Í SÖLU Erum að selja síðustu einbýlishúsalóðirnar á svæði 3D í Leirvogstungu. Um er að ræða m.a. glæsilegar jaðarlóðir við Leirvogsánnu. Verð frá 13,5 milljónir með gatnagerðagjöldum. **TILBOÐUM VERÐUR SVARAÐ INNAN 24 KLST.** Þetta er eitt af fallegustu byggingarlöndum á höfuðborgarsvæðinu, með Leirvogsá og Köldukvísl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýlsi-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur á Fasteignasölu Mosfellsbæjar.



Krókabyggð - Glæsilegt einbýlishús

Erum með glæsilegt 325 m² einbýlishús á tveimur hæðum á skógvaxinni 2.000 m² eignarlóð rétt við Varmána í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 5 svefnherbergi, 3 baðherbergi, stór og mikil stofa með arni, eldhús, þvottahús og geymslur. Húsið stendur rétt við Varmánnu, en þar eru frábærar gönguleiðir og útivistarsvæði. Mjög falleg aðkoma er að húsinu, þar sem stórt bílapan og skógvaxið umhverfi tekur á móti þér. Þetta er reisulegt hús á einstakri lóð rétt við Varmána - þetta er eign sem vert er að skoða. **Verð 84,0 m.**



Ásar við Reykjahvol 16

NÝTT Á SKRÁ

Mjög glæsilegt einbýlishús á einstökum stað í jaðri byggðar með alveg svakalega fallegu útsýni við Reykjahvol í Mosfellsbæ. Húsið, sem er hannað af Sverri Norðfjörð, arkitekt er á þremur þöllum og með mikilli lofthæð. Fallegur og skjólgóður garður með lítilli tjörn, timburvernd og lund. Stórar yfirbyggðar svalir með panorama útsýni. Þetta er einstök eign fyrir vandláta sem vert er að skoða. **Verð 115,0 m.**





Hundadekur opnar á Mosatorgi

Guðrún Magnúsdóttir hunda-snyrtir hefur opnað Hundadekur á Mosatorgi við hlið Krónunnar. Um er að ræða hundasnyrtistofu og verslun með vörur sem tengjast feldhriðu eins og hágæðafóður frá Royal Canin, sjampó, burstu, naglaklippur o.fl. Hundadekur býður upp á alhliða dekur fyrir allar tegundir hunda, hreinræktaða og blandaða. Sérstök áhersla er lögð á vinalegt, rólegt og afslappandi andrúmsloft fyrir hundana og eigendur þeirra.

Sóknarprestur í námsleyfi

Sr. Jón Þorsteinsson sóknarprestur verður í námsleyfi til áramóta.

Hann mun dvelja við nám í Noregi og Þýskalandi en kemur aftur til starfa í janúar á næsta ári. Sr. Ragnheiður Jónsdóttir, prestur safnaðarins, mun gegna starfi sóknarprests í fjarveru hans. Sr. Þórhildur Ólafsson kemur til þjónustu sem prestur safnaðarins.



Trío Reynis Sig gefur út geisladisk

TRES, jazztrío Reynis Sigurðssonar er skipað þeim Reyni á vibrafón, Jóni Páli Bjarnasyni á gítar og Gunnari Hrafnssyni á bassa. Reynir og félagar hafa nú gefið út disk með lögum Sigfúsar Halldórssonar sem þeir hafa fært í skemmtilegan jazzbúning. Reynir hefur starfrækt trío sitt í fjölda ára og útsetur lögin 16 á þessari plötu. Geisladiskurinn er fáanlegur á Bókasafni Mosfellsbæjar í Kjarna.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri leggur til stefnumótun fyrir Mosfellsbæ „Gerum gott samfélag betra“

Eitt af fyrstu verkefnum Haraldar Sverrissonar, nýs bæjarstjóra Mosfellsbæjar, var að leggja fram tillögu að heildarstefnumótun fyrir bæjarfélagið. Mosfellsbær hefur á tiltölulega skömmum tíma breyst úr friðsælli sveit í kraftmikið nútíma samfélag með öllum þeim samfélagsbreytingum sem því fylgir. „Við vitum að þjóðfélagsbreytingar í framtíðinni munu gerast hraðar en áður og að fólk er orðið meðvitaðara um nánasta samfélag sitt og gerir jafnframt meiri kröfur. Það er frumskylda bæjaryfirvalda hverju sinni að spyrja sig spurninga hvort sú stefna sem unnið er eftir sé með þeim hætti að hún stuðli að bættum hag og velferð bæjarbúa“ segir Haraldur Sverrisson.

Nýjar áherslur

Haraldur telur afar mikilvægt fyrir bæjarfélag á borð við Mosfellsbæ að fara gegnum stefnumótunarferli með reglulegum hætti. Skömmu fyrir síðustu aldamót fór fram stefnumótunarvinna sem lagði grunn að því skipulagi sem nú er unnið eftir.

„Margt hefur breyst í hinu innra og ytra umhverfi bæjarins, hann



Haraldur Sverrisson fer fyrir stefnumótun Mosfellsbæjar

hefur stækkað og nýjar áherslur eru fram komnar sem taka verður tillit til. Skipulag í stjórnkerfi þarf að taka mið af nýjum áherslum og ávallt þarf að taka mið af nýjum sjónarmiðum bæjarbúa. Það er því mitt mat að nú sé tímabært að Mosfellsbær hefji slíka vinnu með markvissum hætti.“

Markmið verkefnisins

Bæjarráð hefur samþykkt verkefnið og það hefur verið kynnt fyrir helstu embættismönnum bæjarins sem lýst hafa ánægju sinni með það. Undirbúningur verkefnisins er þegar hafinn. Meginmarkmið verkefnisins er að bæta hag bæjarbúa með því að:

- Skilgreina hlutverk, gildi og framtíðarsýn
- Forgangsraða úrbótaverkefnum sem bæta eiga verkferla í þjónustu við bæjarbúa
- Skoða hvort núverandi skipulag sé það besta sem völ er á til að ná hinum skilgreindu markmiðum
- Gera aðgerðaáætlun og setja á hana mælanleg markmið
- Gefa skal út heildstætt stefnumótunarskjal sem tekur á öllum þáttum stefnumótunarvinnunnar

Áhersla verður lögð á að hafa samráð við viðskiptavinum bæjarfélagsins sem t.d. eru hagsmunaaðilar og að sjálfsögðu íbúar. Áætlun gerir ráð fyrir að verkefninu ljúki snemma á næsta ári. „Hlusta þarf á ólík sjónarmið og taka þarf tillit til óska og ólíkra hagsmuna.“ segir Haraldur bæjarstjóri að lokum.

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar veitir árlegar viðurkenningar fyrir umhverfi

Umhverfisverðlaun 2007



Hlíðartún 12

viðurkenning fyrir fallegan og vel hirtan garð

Hamratangi

viðurkenning fyrir fallegt yfirbragð og snyrtilega götu

Matfugl

viðurkenning fyrir snyrtilegt umhverfi fyrirtækis

Heiðarhvamur

viðurkenning fyrir ræktunarstörf

Þratarhöfði 1-6

viðurkenning til ÍAV fyrir snyrtilegan frágang

Örugg og góð þjónusta

— hafðu samband —

Einar Páll Kjærnested • Löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**

Sími: **586 8080**
www.fastmos.is

Þverholti 2 • Mosfellsbæ

E. BACKMAN



UPPSKERUHÁTÍÐ AFTURELDINGAR

Laugardaginn 6. október í íþróttahúsinu að Varmá

Kl. 10 - Íþróttahátíð fyrir 10 ára ('97) og yngri
Öll börn sem skráð voru iðkendur í deildum félagsins
2006-2007 fá gjöf fyrir þátttöku í íþróttum
Íþróttanammi fyrir alla
Frítt í sund frá kl. 10-13 fyrir alla þátttakendur

Kl. 14 - Verðlaunaafhending fyrir 11 ára og eldri
Verðlaunaafhending í öllum deildum
Íþróttakarlar og íþróttakona deilda
Íþróttakarlar og íþróttakona Aftureldingar
Kaffiveitingar að lokinni athöfn

Iðkendur mæti í Aftureldingargallanum fyrir myndatöku!

Aðalstjórn Aftureldingar



80.000 plöntur í Bringum

Ötull hópur frá Landsvirkjun hefur unnið við gróðursetningu á íslensku birki og hafa þau sett niður 10.000 plöntur í Bringum. Bringur og Skógarbringur eru fyrir ofan Gljúfrastein. Landsvirkjun leggur til mannskap, verkstjórn og flutning á staðinn. Mosfellsbær leggur til plöntur og hefur haft yfirumsjón með verkefnum.



Útikennsla í Varmárskóla

Á hustdögum þegar veðrið er gott er stundum brugðið á það ráð færa kennslustundirnar út. Krakkarnir í Varmárskóla skelltu sér út í náttúrufræðitíma á dögnum. Þau lærðu um trén, hvernig þau eru uppbyggð og hverjar tegundirnar eru. Í náttúrufræðitímum hafa þau svo unnið listaverk úr efniviðnum sem þau náðu sér í. Skemmtileg tilbreyting í skólalastarfinu.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Landsliðsmennirnir Valdimar og Einar í hitanum í Bandaríkjunum.



Myndir/Þór Kjartansson

Mosfellingarnir Valdimar og Einar kepptu fyrir Íslands hönd í motokrossi Landsliðsmenn úr MotoMos

Þeir Valdimar Þórðarson, Einar Sigurðsson og Aron Ómarsson kepptu um síðustu helgi á nokkurskonar ólympíuleikum motocrossmanna. Mótið fór fram í Budds Creek park í Maryland í Bandaríkjunum. Lið frá 35 löndum tóku þátt og voru Íslendingarnir landi og þjóð til sóma en þetta er í fyrsta skipti sem við sendum keppendur frá Íslandi.

Mosfellingur náði tali af Einari Sigurðssyni rétt eftir heimkomuna. „Ferðin gekk frábærlega í alla staði og við erum sáttir við okkar árangur. Hitinn var á köflum óbærilegur og aðstæðurnar voru töluvert öðruvísi en við höfum vanist áður.“

Strákarnir voru búnir að vera í 10 daga æfingabúðum fyrir keppnina þar sem þeir m.a. vöndust hitanum og settu upp keppnishjólin fyrir átökin.

Mikill stuðningur

Keppnin er liðakeppni en aðeins einn keppandi frá hverju landi keppir í hverjum flokki. Aron keppti í



250cc flokki, Valdimar í 450cc flokki og Einar í opnum flokki.

Ahorfendur á keppninni voru um 100.000 manns og þar af um 200 frá Íslandi sem mikið fór fyrir. „Við fengum gríðarlega athygli frá kynni keppinnar en hann talaði um fátt annað en Kanann og Ísmennina. Fjöldi Íslendinga á svæðinu var líka það mikill að einu sinni vorum við spurðir hvort það væru einhverjir eftir á Íslandi.“

Efstir á Íslandsmótinu

Það er Mótorsportsamband Íslands sem sendir landsliðið út til



þátttöku en félagarnir þrír voru efstir í Íslandsmótinu í motocrossi.

Vélhjólaiþróttir njóta orðið gífurlegra vinsælda á Íslandi og skiptir þá ekki máli kyn eða aldur þátttakenda og hjólum af öllum stærðum og gerðum hefur fjölgað mikið. Uppgangi í íþróttinni uppá síðkastið má líkja við sprengingu.

Einar og Valdimar eru báðir í MotoMos sem er félag áhugafólks í Mosfellsbæ um motocross, enduro og fjórhjól. Félagið berst fyrir aðstöðu félagsmanna í Mosfellsbæ en að þeirra sögn vantar sárlega alvöru brautir í bæjarfélagið.



Félagsstarf eldri borgara

Seðlabanki Íslands!


Farið verður í heimsókn í Seðlabankann föstudaginn 12. október. Lagt af stað kl. 13 frá Hlaðhömrum. Skráning í ferðina er í síma: 586-8014 e.h.

Leikfimitímar

eru á Hlaðhömrum á mánudögum kl. 13.30

Glernámskeið byrjar 4. okt.

Skráning í síma: 586-8014 e.h. og hjá Unni Karlsóttur í síma: 867-9126.



ELDRI BORGARAR

Þann 16. september var réttardagur í Mosfellsdal og Kjósarhreppi

Bændur draga í dilka

Í réttum myndast alltaf skemmtileg stemmning þar sem bændur og búalið koma saman eftir að hafa smalað fé af fjalli. Mosfellingur fór á stúfana og kannaði púlsinn í umdæminu. Göngurnar að þessu sinni einkenndust af kulda og votviðri en engum varð þó meint af þegar upp var staðið. Fé hefur farið stöðugt fækkandi sem fært er til lögréttar en fjöldi fólks var þó saman kominn að Hraðastöðum í Mosfellsdal og í Hækingsdal í Kjós.

Látum myndirnar tala sínu máli.



Hreinn og Silli



Sami sauðasvipurinn



Hugað að fénu frá Hrisbrú



Er eitthvað að marka bókina?



Vænt fé af fjalli



Fjármálin rædd



Spariféð



Ungir og efnilegir



Réttu stemningin, Porkell, Tóti, Sesselja og Haukur.



Sigurbjörn á Kíðafelli, oddviti, mættur í Hækingsdal.

ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli.
mosfellingur@mosfellingur.is

Tillitsemi á bensinstöðvum

Nú er veturinn að nálgast og skólarnir byrjaðir og þá er tilefni til þes að nefna hvernig ástandið er á bensinstöðvunum á morgnana. Íðulega þegar ég kem um hálfátta að morgni dags og ætla bara að taka bensín þá eru allar dælur uppteknar. Og hvar eru eigendurnir? Inni í búð að versla og bíða í biðröð. Og ég og aðrir bíða á meðan. Hvernig væri að færa bílinn eftir að búíð er að dæla á hann bensíninu og áður en farið er inn að borga og versla og hleypa þar með öðrum að sem ætla bara að kaupa bensín í sjálfsalanum? Endilega sýna öðrum smá tillitsemi jafnt í þessu sem og í umferðinni.

Berglind

Bætt löggæsla

Það verður að segjast eins og er að löggæslan hér í bænum er fyrir neðan allar hellur. Í fyrsta lagi - þá sést lögreglan aldrei í bænum, í öðru lagi - ef hún sést þá er hún bara á rúntinum!!! Þvílíkt og annað eins - síðan hvenær hefur það verið vinna að vera á rúntinum? Ég krefst þess að löggæslan verði eflid til allra muna og lögreglan verðir bæði sjáanlegri og aðallega hreyfanlegri.

Sara



Besta bakarið

Við Mosfellingar megum vera stoltir af okkar einstaka bakaríi. Hvað er betra en að fara á sunnudagsmorgni og kaupa bakkelsi með morgunkaffinu eða bara kíkja inn í miðri viku í kaffitímanum. Alltaf er yndislegt nýbakað bakkelsi á böðstólnum og yndislegt viðmót afgreiðslufólksins eykur enn á áægjunu. Og ekki skemmir konfektíð fyrir. Aðstandendur bakarísins mega vera stoltir af fyrirtæki sínu og nýjum húsakynnum. Endilega haldið áfram á þessari braut, þið eruð út af fyrir sig góð og gild ástæða til þess að vakna á morgnana.

Friðrik

Nína Björk Geirsdóttir kylfingur úr golfklúbbnum Kili hefur gert það gott í sumar og hefur unnið þrjá af fjórum stærstu titlum ársins.

Get ekki beðið um mikið meira

Það er gaman að vera sú fyrsta frá Kili í Mosfellsbæ sem landar sigri á Íslandsmóttinu í högggleik“ segir Nína þegar blaðamaður náði af henni tali. „Sumarið hjá mér er búið að vera í raun alveg ótrúlegt, ég hef unnið þrjá af fjórum stærstu titlum ársins, ég varð stigameistari kvenna, Íslandsmeistari í sveitakeppni kvenna og Íslandsmeistari kvenna í högggleik og svo varð ég í öðru sæti á tveimur mótum þannig að ég get ekki beðið um mikið meira“ segir hún brosandi. „Það var líka gaman að klára sumarið með því að vinna síðasta mótið.“

En hver er lykillinn á bak við alla þessa velgengi? „Ætli lélegu högginn mín sé ekki bara orðin betri og svo er stutta spilið mitt búið að vera fínt. Ég er oft búin að reidda mér vel á vippum og þúttum sem hefur skipt öllu máli fyrir mig“ segir Nína. „Ég æfði rosalega vel í vetur og fór tvisvar út í æfingabúðir og fyrir vikið var ég betur undirbúin þegar ég kom inn í tímabilið. Ég hef gert fá mistök og þetta snýst aðallega um að gera sem fæstu mistökin.“

„Ég byrjaði í golfi þegar ég var 10 ára“ segir Nína þegar ég spyr hana um upphafið á golfáhuganum, „Guðjón eldri bróðir minn spilaði golf á þessum tíma og hann var svo góður að taka mig með sér, svo sakaði ekki að við hjuggum alveg við golfvöllinn. Ári síðar fór ég að mæta á stúlknaæfingar og það var stór hópur sem æfði þar saman, á þessum tíma kynntist ég mörgum góðum stelpum úr liðinu sem eru mínar bestu vinkonur í dag.“

Fór 14 ára út með landsliðinu

„Þegar ég var á þrettánda ári var ég valin til þess að mæta á æfingu með unglingalandsliðinu í golfi og síðan þá hef ég verið að æfa og keppa með landsliðinu.“



Nína Björk og Pétur Óskar á góðri stundu.



MOSFELLINGUR

Ég fór í mína fyrstu keppnisferð árið 1997 þegar ég var fjórtán ára og þá fórum við til Skotlands, ferðunum fjölgaði síðan jafn og þétt og á síðasta ári fór ég átta sinnum út á vegum landsliðsins.“

Minningarnar ylja

„Ég hef verið svo heppin að fá að ferðast út um allan heim út af golfinu og hef farið til flestra landa í Vestur-Evrópu ásamt því að fara til Bandaríkjanna.“

Er ég spyr Nínu um eftirminnilegustu ferðina svarar hún: „Það var síðasta haust, þá fór ég til Suður-Afríku og það er ein skemmtilegasta ferðin sem ég hef farið í. Það er alveg magnað að fá að kynnst svona ólíkum menningarheimi þar sem ennþá er til staðar mikill aðskilnaður hvítra og svartra og að sjá svona mikla fátækt er alveg ógleymanlega sjón, landið er ótrúlega fallegt og dýrin eru öðruvísi en maður á að venjast. Ég á eftir að eiga góðar minningar um ferðalögin mín í framtíðinni.“

Í sumarhúsi á Ströndunum

Nína Björk er fædd 4. október 1983 og er Mosfellingur í húð og hár. Foreldrar hennar eru þau Helga Guðjónsdóttir og Geir Helgi Geirsson vélstjóri. Nína er næst yngst í systkinahópnum en eldri systkini hennar eru Guðjón og Eybjörg og yngstur er Geir Jóhann.

Sambýlismaður Nínu er Pétur Óskar Sigurðsson sölustjóri og hafa þau verið saman í sjö ár.

„Ég ólst upp í Leirutanganum segir Nína þegar ég spyr hana um upp-vaxtarárin, við vorum stór hópur barna sem lékum okkur saman og var ávallt mikið um að vera, ég man



Nína Björk tveggja ára.

varla eftir mér öðruvísi en í leikjum á sumrin og búa til snjóhús eða snjóhella á veturna, svo renndum við okkur mikið á skíðum í brekkunni fyrir ofan húsið mitt.

Ég ferðaðist mikið um Ísland áður en ég byrjaði á fullu í golfinu og fór oft með ömmu og afa í hin ýmsu ferðalög m.a. uppá hálendið, og út um allt land. Á hverju sumri fórum við líka til Kaldbaksvíkur á Ströndum þar sem fjölskyldan hans Guðjóns afa á sumarhúsi, þar var alveg frábært að vera og ég hlakkaði alltaf til næstu ferðar þegar maður yfirgaf Strandirnar.“

Stefnir á mastersnám

„Eftir grunnskólann í Mosfellsbæ lá leið mín í Verzlunarskóla Íslands þar sem ég útskrifaðist sem stúdent árið 2003, þaðan fór ég beint í nám í lögræði við Háskóla Íslands þar sem ég útskrifaðist með BA próf núna í júní s.l. Áður en ég leyfi mér að



Á upphafi golfferilsins, 10 ára gömul.

dreyma um atvinnumennsku í golfi stefni ég að því að klára masterspróf- ið eftir tvö ár og útskrifast sem lögfræðingur.

Þegar ég er ekki í skólanum eða í golfi þá reyni ég að eyða tímanum með fjölskyldunni og vinum. Ég á stóra fjölskyldu og ávallt mikið um að vera.

Ég og Pétur höfum einnig verið dugleg við að ferðast. Við kynntumst þegar við æfðum saman í landsliðinu og höfum farið í nokkrar æfinga- og keppnisferðir saman. Það má eiginlega segja að ferðalög séu okkar sameiginlega áhugamál og við stefnum á að fara í nokkrar ferðir í vetur“ segir nýkrýndi Íslandsmeistarinn að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Liðveisla Starf með fötluðum

Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar óskar eftir starfsfólki til að sinna liðveislu fyrir fatlaða. Markmið með liðveislu er að rjúfa félagslega einangrun og aðstoða þann fatlaða við að sinna áhugamálum sínum.

Liðveisla er bæði fyrir börn og fullorðna og nú biðja nokkrir einstaklingar eftir að fá liðveislu við hæfi.

Um fjölbreytt hlutastörf er að ræða og vinnutíminn er sveigjanlegur. Algengast er að liðveisla sé unnin seinnipart dags, á kvöldin eða um helgar. Störfin henta því vel fyrir námsmenn eða sem aukavinna.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launaneðndar sveitarfélaga.

Áhugasamir hafi samband við Unni Erlu Þóroddsdóttur félagsráðgjafa hjá Mosfellsbæ í síma: 525-6700 eða í tölvupósti unnure@mos.is

Í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar um jafnréttismál eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið.

TÓMSTUNDASKÓLINN Í MOSFELLSBÆ AUGLÝSIR:

Innritun stendur yfir á fjölda spennandi námskeiða í síma: 695-6694

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

STUTTMYNDAGERÐ

SILFURSMÍÐI

KONFEKT MEÐ HAFLIÐA

MÓSAIK

ÞJÓÐBÚNINGASAUMUR

KERTAGERÐ

INDVERSK MATARGERÐ

MOSFELLSBÆR Í MÁLI OG MYNDUM

LJÓSMYNDUN

www.mosfellingur.is

Vetrarstarf skátafélagsins að hefjast

Skátafélagið Mosverjar er þessa dagana að hefja vetrarstarfið. Fundir fara fram í skátaheimilinu við Varmá (gamla símsstöðin við hliðina á Brúarlundi). Skátafélagið hefur eflst á undanföllum árum og eru nú um 120 skátar starfandi með Mosverjum. Nýr starfsmaður, Hrönn Hallsdóttir, byrjaði nú í byrjun september og mun hún ásamt stjórn og foringjum Mosverja skipuleggja og leiða starfið í vetur. Spennandi tímar eru framundan því nú eru Mosverjar ásamt fleiri skátafélögum að hefja starfið eftir nýrri skátadagskrá Bandalags íslenskra skáta.

Afmælisárið liður

Skátahreyfingin stendur á miklum tímamótum á þessu ári því 100 ár eru liðin síðan Baden Powell stofnaði hreyfinguna. Af því tilefni hefur verið mikið að gera hjá skátum um allan heim. Stærsti viðburðurinn var jambooree skátamót sem haldið var í Englandi, einmitt á þeim stað þar sem hreyfingin var stofnuð.

Íslenskir skátar hittust á Úlfjótavatni og skemmtu sér þar eina helgi í júlí auk þess sem fyrirhuguð er afmælishátíð í byrjun nóvember. Mosverjar fóru á tvö skátamót sl. sumar. Alls fóru 35 skátar á jambooree mótið í Englandi og 12 skátar fóru á alþjóðlegt mót til Svíþjóðar. Þessar ferðir tókust mjög vel og er mikil



vægur þáttur í okkar skátastarfi. Þar kynnast Mosverjar erlendum skátum og að upplifa jafnstóra viðburði sem þessi mót eru verða okkar skátum dýrmæt reynsla sem nýttist félaginu í framtíðinni.

Komdu út - gönguferðir fyrir alla


Á dagskrá Mosverja verða ýmsir skemmtilegir viðburðir eins og jafnan áður. Má þar nefna Hafravatnsdaginn 29. september nk. Þangað er boðið öllum Mosverjum og fjölskyldum þeirra til að kynnast skátunum og fá að spreyta sig á ýmsu því sem Mosverjar eru að gera. T.d. siglingar á vatninu, skátaprautir, varðeldur, grill og kakódrykkja. Ennfremur ætla

Mosverjar að fara í stuttar gönguferðir fyrsta laugardag í mánuði. Þær verða farnar frá skátaheimilinu kl: 10 og gengið í ca. 3 klst. um nágrenni Mosfellsbæjar. Almennur er boðinn velkominn í þessar ferðir og börn með foreldrum er engin fyrstaðað. Fyrsta ferðin verður laugardaginn 6. október og Mosverjar hvetja bæjarbúa til að koma út að ganga.

Allir sem vilja taka þátt í skátastarfi Mosverja geta haft samband við starfsmanninn í síma: 896-4525 eða litið á heimasíðu félagsins sem er www.skatar.is/mosverjar

Með skátakveðju
Evar Aðalsteinsson, félagsforingur





Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg.
fasteignasali

Axel Axelsson
Framkvæmdast.

Björn Þór
Hannesson
Sölufulltrúi
865 6565

Vilhlem
Guðbjartsson
Sölufulltrúi
661 7497

Sjöfn
Finnbjörnsdóttir
Sölufulltrúi
848 5309

Garðar
Skarphéðinsson
Sölufulltrúi
893 0082

Högni Kjartan
Porkelsson
Sölufulltrúi
692 9532

Anton Máni
Svansson
Sölufulltrúi
615 0005

Jóhannes Kristján
Guðlaugsson
Sölufulltrúi
659 7579

Ólafur S.
Guðmundsson
Sölufulltrúi
899 1020

Vilbergur
Gestsson
Sölufulltrúi
659 9945



5
herb.

Trönuhjalli 1, 200 Kópavogur

**Björt og falleg íbúð - Frábært útsýni.
Bókið skoðun hjá Vilhelm í síma 661-7497**

Mjög falleg 5 herbergja íbúð á 2 hæð á frábærum stað í suðurhlíðum Kópavogs. Flísalagt eldhús með góðum borðkrók og hvítri innréttingu. Björt stofa með beykiparketi, glæsilegt útsýni og útgengt á svalir. Hjónaherbergi parketlagt með stórum skápum. 3 parketlögð barnaherbergi. Baðherbergi flísalagt með fallegri innréttingu, baðkari og sturtu. Flísalagt þvottahús innan íbúðar Ath. Bílskur 27,3 m2 inni í fermetrafjölda.

Vilhlem
Guðbjartsson
Sölufulltrúi
661 7497
vilhelm@remax.is



Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg. fasteignasali



3ja
herb.

Kristnibraut 37, 113 Reykjavík


**Hringdu núna og bókaðu
skoðun!
Högni 692 9532**

Flísalögð forstofa með fataskáp. Hjónaherbergi með tvöföldum fataskáp Tvö svefnherbergi með fataskápum. herbergi eru flísalögð. Eldhús með flotttri innréttingu, borðkrókur, flísalagt í hólfi og gólf. Baðherbergi með innréttingu, baðkari, flísalagt í hólfi og gólf. Úr stofu er útgengt á suður svalir, glæsilegt útsýni. Allir skápar og innréttingar eru í stíl. Þvottaherbergi innan íbúðar, með vinnubekk og vask, flísalagt í hólfi og gólf. Í sameign er stór geymsla. Flísalagður 27,8 fm bílskur.

Högni Kjartan
Porkelsson
Sölufulltrúi
692 9532
hogni@remax.is



Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg. fasteignasali



4ra
herb.

SELD

Ásland 4a, 270 Mosfellsbær

Eign sem vert er að skoða

Flísalögð forstofu með fataskáp. Hjónaherbergi með eikarparketi. Stórt svefnherbergi, með plastparketi. Annað herbergi með plastparketi. Svefnherbergi er með eikarparketi, notað sem fataherbergi. Glæsilegt baðherbergi með hvítri innréttingu, flísalagt er í hólfi og gólf, tengi fyrir þvottavél, baðkar og sturta. Eldhús með eikarparketi, sérsmiðaðri innréttingu, flísum á borðplötu, milli skápa. Stofa með eikarparketi, útgengt í sólstofu. Afgirtur garður með pall. Geymslupláss er í millilofti.

Högni Kjartan
Porkelsson
Sölufulltrúi
692 9532
hogni@remax.is



Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg. fasteignasali



6
herb.

Freyjubrunnur 11, 113 Rvk

Glæsilegt einbýli

249,4 fm einbýli, þ.a. 25,5 fm bílskur á útsýnislóð. Jarðhæð skiptist í forstofu, sjónvarpshol, baðherbergi, stofu, geymslu, þvottahús og þrjú svefnherbergi. Gengið út á stóran pall. Efri hæð er opið eldhús, stofa, samtengt sjónvarpsholi, svefnherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi. Tvær góðar svalir. Möguleiki á sér íbúð. Húsið skilast rúmlega fókelt að innan. Lóð grófiðfúð. Fullbúið að utan. Álguggar. Möguleiki er að kaupa á ýmsum byggingar stigum. Stuttur afhendingar tími.

Högni Kjartan
Porkelsson
Sölufulltrúi
692 9532
hogni@remax.is



Pórarinn Arnar
Sævarsson
Lögg. fasteignasali






Aðalbjörg
Angantýsdóttir
Skrifstofustjóri

**FRÍTT VERÐMAT
FYRIR SÖLU**

Hringdu núna

412 3300

RE/MAX
Þing



**5
herb.**

Helgugrund 6, 116 Kjalarnes

Verð: 41.000.000
Herb. 5
Stærð:
Brunab.:

Glæsilegt einbýli

Tvær stofur ásamt borðstofu með flisum á gólfi. Inn betri stofuna er gengið niður eina tröppu úr forstofu. Eldhús opið inn í borðstofu. Góður borðkrókur er í eldhúsi. Tvö góð barnaherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi.

Mjög fallegt baðherbergi með fallegri innréttingu, flísalagt í hólfi og gólf með hita í gólfi Flísalagt eldhús og borðstofa. Baðherbergi flísalögð.

Stór bílskúr. Húsið er klætt með múrsteinum að utan. Upphitað plan.

Þetta er fallegt hús á rölegum og góðum stað á Kjalarnesi. VERÐ: 41.000.000

**Björn Þór
Hannesson**
Sölufulltrúi
865 6565
bth@remax.is



**Þórarinn Arnar
Sævarsson**
Lögg. fasteignasali



**3ja
herb.**

Gunnarssund 3, 220 Hfn.

Verð: 33.900.000
Herb. 3ja
Stærð:
Brunab.:

Einbýli í gamla miðbænum.

Komið er inn í forstofu. Þar á hægri hönd er gengið inn í eldhús, borðstofu, opið inn í stofu. Á efri hæð eru tvö rúmgóð svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Svalir á efri hæð. Innaf forstofu er gengið niður stiga á neðri hæð og er þar: þvottaaðstaða, geymsla með útgengi í garð, sturtuaðstaða og gott herbergi. Húsið er mjög sjarmerandi steinhús.

Garðurinn gróðri vaxin og býður uppá skemmtilega möguleika. Grindverk og hellulagt plan fyrir framan inngang. Hús á besta stað með sál og vert að skoða.

**Björn Þór
Hannesson**
Sölufulltrúi
865 6565
bth@remax.is



**Þórarinn Arnar
Sævarsson**
Lögg. fasteignasali



**4ra
herb.**

Tröllateigur 17, 270 Mosfellsbær

Glæsileg neðri sérhæð

Glæsileg 4ra herbergja íbúð á jarhæð til vinstri með séringangi.

Komið er inn í góða forstofu með náttúruflisum á gólfi og HTH forsofuskáp.

Úr forstofu er komið inn í hol með plastparketi á gólfi. Stórt hjónaherbergi með góðum HTH fataskáp. Tvö góð barnaherbergi. Baðherbergi, flísalagt í hólfi og gólf. Opið inn í stofu og eldhús. Í eldhúsi er eyja með fallegum háf, HTH innrétting með blástursofni. Inn af eldhúsi er þvottahús með náttúruflisum. Stofan er björt og rúmgóð með útgengi á pall.

**Björn Þór
Hannesson**
Sölufulltrúi
865 6565
bth@remax.is



**Þórarinn Arnar
Sævarsson**
Lögg. fasteignasali



EFTIRTALDA AÐILA VANTAR HÚSNÆÐI MOSFELLSBÆ

- ▶ Jóni vantar lítið raðhús með bílskúr, þriggja herbergja.
- ▶ Berglind vantar þriggja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi
- ▶ Ingibjörgu vantar fjögurra til fimm herbergja raðhús eða einbýlishús
- ▶ Dagbjörtu vantar þriggja til fjögurra herbergja jarðhæð í fjölbýlis-, raðhúsi eða einbýlishúsi
- ▶ Stefáni vantar iðnaðarhúsnæði, 100 til 200 fm.
- ▶ Magnús vantar stúdíóíbúð í fjölbýlishúsi

HRINGDU NÚNA
659 7579

**Jóhannes Kristján
Guðlaugsson**
Sölufulltrúi
659 7579
jkg@remax.is



**Þórarinn Arnar
Sævarsson**
Lögg. fasteignasali





Arnar Gauti bestur Steinarr efnilegur

Á lokahófi meistaraflokks karla í knattspyrnu á laugardagskvöldið var Arnar Gauti Óskarsson valinn besti leikmaður meistaraflokks á nýliðinni leiktíð. Hann var og kjörinn besti félaginn innan hópsins. Wentzell Steinarr Ragnarsson Kamban var kjörinn efnilegastur. Steinarr lék vel bæði með meistaraflökki og 2. flokki í sumar auk þess sem hann var valinn í æfingahópa U19 ára landsliðsins. Hann gengur upp úr 2. flokki nú á haustmánuðum. Afturelding hafnaði í 5. sæti á í 2. deild í sumar. Okkar menn unnu átta leiki, gerði þrjú jafntefli og töpuðu átta viðureignum á Íslandsmótinu.



Anna Margrét Arnardóttir, framkvæmdastjóri fimleikadeildar Aftureldingar tekur við styrknum frá Katrínu Sif Ragnarsdóttur, hjá Leirvogstungu ehf.

Leirvogstunga verður bakhjarl fimleikadeildarinnar til næstu þriggja ára Ómetanlegur styrkur

Leirvogstunga ehf., og stjórn fimleikadeildar Aftureldingar í Mosfellsbæ hafa gert með sér samstarfssamning um að Leirvogstunga verði bakhjarl fimleikadeildarinnar til næstu þriggja ára. Á samningstímnum mun Leirvogstunga styðja við faglegt starf deildarinnar með rausnarlegu framlagi.

Yfirmarkmið samningsins er að efla fimleikastarf í Mosfellsbæ. Styrknum árið 2007 verður sérstaklega varið til þess að auka þekkingu þjálfara Aftureldingar. Fimleika-

deildin var stofnuð árið 2000 og hefur vegur hennar vaxið hratt. Með styrk eins og þessum gefst deildinni tækifæri til að eflast og blómstra. Komandi vetur verður mikil áhersla lögð á að efla innra starf með aukinni menntun þjálfara. Leitast verður við að efla námskeiðshald og hefur m.a. verið leitað til samstarfs við önnur félög. Ákveðið hefur verið að verja styrknum 2008 til þess að efla grunnstarfið fyrir yngri börn. Áformað er að setja af stað sérstaka þjálfunaráætlun sem miðar að því

að þjálfar yngri leiðbeinendur til kennslu á grunnstigi. Styrknum árið 2009 verður sérstaklega varið til þess að efla sívaxandi getu keppnishópa Aftureldingar.

„Það er ómetanlegt fyrir deild eins og okkar að hafa fyrirtæki í bæjarfélaginu sem sýnir samfélagslega ábyrgð. Leirvogstunga hefur með þessu tekið forystu í uppbyggingu á barna- og unglingastarfi í Mosfellsbæ á myndarlegan hátt“, segir Eva Magnúsdóttir, formaður fimleikadeildarinnar.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

Minningarsjóður notaður í keppnisferðir

Minningarsjóður Ágústínu Jónsdóttur og Guðfinnu Júlíusdóttur styrkti nokkra hópa úr Aftureldingu til æfinga- eða keppnisferða erlendis í sumar. Það voru frjálsíþróttakrakkarnir hans Hlynns sem fóru í æfingabúðir til Spánar, fótboltastelpurnar hjá Bjarka og Bóel sem fóru á Tivoli Cup, handboltastrákar og stelpur hjá Geira og Svövu sem fóru á Partille Cup og hópur fimleikastelpna sem fóru í æfingabúðir til Danmerkur.

Fótboltastelpur á Tivoli Cup

Í júlí lögðu 44 fótboltastúlkur úr 3. og 4. fl. Aftureldingar land undir fót ásamt þjálfurum og fararstjórn og skelltu sér á Tivoli Cup mótið í Hilleröd í Danmörku. Tókst ferðin í alla staði mjög vel og ekki sakar að bæði 3. flokks liðið og annað 4. flokks liðið unnu mótið glæsilega í sínum aldursflokkum. Vilja stelpurnar koma þökkum á framfæri við alla þá sem studdu þær í þessa ferð. Stelpurnar í 4. flokki létu útbúa sérstaka Tivoli Cup boli og voru það fjölmörg fyrirtæki sem styrktu þær með lógói á bolina.



Frjálsíþróttadeild til Spánar

Frjálsíþróttadeild tók það upp árið 1995 að fara á þriggja ára fresti til útlanda í æfingaferð og varir hún yfir í tvær vikur. Alltaf er farið á sama stað eða Alfas Del Pí (Albir) á Spáni. 12. júlí sl. fór 23 manna hópur í svona ferð fyrir 14 ára og eldri. Æft er í ca. 42 klukkustundir og annar tími er nýttur í verslunarleiðangra, skoðunar- og skemmtiferðir.



Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



JAKO

símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is



Bjarki þjálfari
leggur á ráðin

Nýliðar Aftureldingar lögðu Íslandsmeistara Vals í spennandi leik að Hlíðarenda

„Góður stígandi í liðinu“

Meistarflokkurinn í handbolta var spáð falli úr úrvalsdeild fyrir leiktíðina sem nú er hafin. Liðið tapaði tveimur fyrstu leikjunum gegn Akureyri og HK en er nú komið á beinu brautina. Leikurinn gegn Valsmönnum endaði 21-22 og munaði þar mikið um stórleik Davíðs Svanssonar sem varði 19 skot í leiknum. Nýliðarnir þóttu koma á óvart með sigrinum en strákarnir hafa vissulega trú á því sem þeir eru að gera. Mosfellingur náði tali af Hilmari Stefánsyni fyrirliða að loknum sigurleik á móti Val. „Liðið er skipað ungum og metnaðarfullum strákum sem vilja

sanna sig. Við eigum eftir að láta til okkar taka og það kemur ekki til greina að við föllum. Það er góður stígandi í liðinu, vörnin er að þéttast og við erum að koma til“

99% heimamenn

Bjarki Sigurðsson er þjálfari liðsins og tekur í sama streng.

„Við eigum fullt erindi í þessa deild en við þurfum að leggja okkur alla fram og hafa fyrir hlutum ef við ætlum að ná árangri.“ Bjarki segir liðið skipað nær eingöngu heimamönnum eða 99% eins og hann orðaði það.

Liðið hefur misst nokkra öfluga leikmenn, Jens og Vlad hafa einbeitt sér að námi og munu gera það í vetur, Lárus Jónsson hætti og Örn Ingi er ekki væntanlegur fyrr en í ca febrúar mars á næsta ári eftir aðgerð sem hann fór í á dögnum. Liðið hefur hinsvegar fengið Hauk Sigurvins-son til baka og eina búlgarska skyttu. Enn er leitað að styrk fyrir veturinn en leikmannamarkaðurinn lokar um miðjan nóvember.

Næsti leikur er gegn ÍBV fimmtudaginn 4. október að Varmá og eru Mosfellingar hvattir til að mæta og styðja dyggilega við okkar menn.



Stuðningur við handboltastarfið

Ísfugl verður einn af stærstu bakhjöllum handknattleiksdeildar Aftureldingar næstu þrjú árin. Nýverið skrifaði nýráðin framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar Jón Freyr Sigurðsson og Helga Lára Hólm framkvæmdastjóri Ísfugls undir þriggja ára samning. Byggingarverktakinn Alefli ehf. styrkir einnig deildina mjög myndarlega og gerir meistaraflokknum kleyft að eflast til muna. Á neðri myndinni eru þeir Jón Freyr frá Aftureldingu og Magnús Þór og Þorsteinn Kröyer frá Alefli sem handsala samninginn góða.



3. sæti í Sveitakeppni öldunga

Kvennasveit GKJ náði þeim frábæra árangri að ná 3. sæti í Sveitakeppni GSÍ í öldungaflokki, á eftir sveitum Keilis og GR.

Það voru þær Rut M. Héðinsdóttir, Margrét Óskarsdóttir, Soffía Guðmundsdóttir, Þuríður Pétursdóttir, Kristbjörg Magnúsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir sem skipuðu vaska sveit Kjalarkvenna þetta árið. Liðsstjórar voru Ella Rósa Guðmundsdóttir og Guðrún Leósdóttir og klappstýra liðsins var Sigrún Sigtryggisdóttir.



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.is/ragna, raggasj@gmail.com



Opið

allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina
Háholti í Mosfellsbæ,
Reykjavíkurvegi Haf.
og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! Sími 544 4540

Börn í Mosfellsbæ eiga betra skilið

Á fundi í fræðslunefnd Mosfellsbæjar þriðjudaginn 4. september s.l. var fjallað um starfsemi frístundaselj- og dægradvöl fyrir grunn-skólanemendur í bænum. Til umræðu var m.a. starfsmannavandi í frístundaselj- um en fram kom að ekki hefur tekist að ráða í allar stöður í seljunum.

Fræðslunefndin lýsti á fundinum yfir áhyggjum sínum vegna starfsmannaekllunnar og fól skóla-skrifstofu Mosfellsbæjar að vinna að lausn málsins í samvinnu við skólastjórnendur og íþrótt- og tóm-stundaskólann. Meðal þess sem talið var að athuga þyrfti var hvort nauðsynlegt væri að takmarka fjölda barna meðan ekki næðist að ráða í allar stöður.

En hvernig er ástandið á frístunda-seljum bæjarins? Frístundasel Varm-árskóla er rekið í tveimur svokölluð- um seljum eða lausum skólastofum. Bæjaryfirvöld lofuðu að þriðja selið yrði tilbúið fyrir byrjun yfirstand- andi skólaárs og það er fyrst nú þeg-



ar rúmur mánuður er liðinn af skólaárinum að hillir und- ir að það komi. Selin tvö eru samtals 140 m2 að stærð. Þar dvelja nú um 100 börn. Ef heildarflatarmál húsnæ- er tekið með í reikninginn þýðir þetta að hvert barn hefur einungis um 1,4 m2

til umráða. Í húsunum eru aðeins tvö salerni sem þessum 100 börnum er ætlað að sameinast um að nota.

Starfsmenn í frístundaseli Varm-árskóla eru nokkrir, sumir í heilu starfi en aðrir í hlutastarfi. Í besta falli eru fimm starfsmenn í selinu á hverjum tíma eða einn starfsmaður á hverja 20-30 nemendur. Það leiðir af sjálfu sér að erfitt er fyrir svo fáa starfsmenn að hafa eftirlit með svo stórum hópi nemenda hvað þá að sinna þörfum hvers og eins.

Í frístundaseli Lágafellsskóla er ástandið heldur ekki gott hvað þetta varðar en þar eru 5-7 starfsmenn á um 130-150 nemendur.

Nágrannasveitarfélög Mosfells- bæjar hafa mörg sett sér viðmið varðandi hlutfall nemenda og starfs-

manna á frístundaseljum. Viðmiðin ganga út frá ákveðnum hámarks- fjölda nemenda sem einn starfsmaður má sinna. Hámarkið er ekki alls staðar það sama en er frá 15 börnum og upp í 19 börn á starfsmann. Mosfellsbær hefur ekki sett sér slík viðmið.

Það er gott og blessað að fela emb- ættismönnum að vinna að lausn starfsmannaeklu í frístundaseljum bæjarins. Ég hygg þó að hér verði þeir sem bera pólitíska ábyrgð á stjórn bæjarins að taka til hendi. Svo virðist sem það sé skoðun meiri- hluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar að skólasel sé geymslustaðir fyrir nemendur. Þeim sé einungis ætlað að vera athvarf þar sem börnin eru látin bíða frá því skóla lýkur og þar til þau eru sótt af foreldrum sínum eða forráðamönnum.

Til að hægt sé að vinna skapandi og gefandi starf með börnum eftir lok venjulegs skóladags þarf að stór- bæta aðstöðu frístundaseljanna og fjölga starfsfólki. Ég er þess fullviss að ein ástæðan fyrir því hversu illa gengur að ráða starfsfólk að selj-

unum er það álag sem fylgir því að vinna við þær aðstæður sem þar er boðið upp á.

Önnur ástæða eru launin. Það vita allir sem vilja vita það að laun sem í boði er fyrir þessa vinnu eru með því lægsta sem boðið er upp á atvinnumarkaðnum, hvort sem er á hinum almenna eða opinbera. Forráðamenn sveitarfélaga bera iðulega fyrisigssamning Launanefndarsveit- arfélaga og segjast ekki geta greitt hærri laun en sá samningur kveður á um. En ef það er svo að ekki er hægt að komast fram hjá samningi Launanefndar í tilfellum sem þess- um sýnir það þá ekki betur en allt annað að það er kominn tími til að endurskoða aðild Mosfellsbæjar að Launanefnd sveitarfélaga?

Börn í Mosfellsbæ eiga betra skil- ið en það að ekki sé hægt að gera vel við þau vegna stefnu nefndar sem starfar í umboði sveitarfélaga en virðist ekki í tengslum við raunveru- leikann.

Hanna Bjartmars,
Bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar

Til foreldra knattspyrnukrakka

Nú er knattspyrnusumr- inu 2007 lokið, einhverju því glæsilegasta og umfangs- mesta í sögu Knattspyrnu- deildar Aftureldingar. Hjá barna- og unglingaráði æfðu tæplega 400 krakkar fótbolta í 13 aldursflokkum, en auk þessa voru rúmlega 50 iðk- endur í meistaraflokkum félagsins (sem eru algerlega fjárhagslega að- skildir barnastarfi). Eins og kom fram í árskýrslu deildarinnar 2006 er áætlað að knattspyrnudeild standi fyrir sex æfingum á dag að meðaltali alla daga ársins og tveimur knatt- spyrnuleikjum á dag að meðaltali allt árið um kring. Af þessu má sjá að ekki er furða að knattspyrnudeild sé oft flokkuð meðal stærstu uppeldis- eininga Mosfellsbæjar.

Velta barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar er áætluð um 25 milljónir á þessu ári, þar af fer um 90% kostnaðarins í að greiða þjálf- urum laun (23 á launaskrá). Þrátt fyrir þessa háu upphæð vita allir sem það vilja vita, að enginn gerist knattspyrnuþjálfari til þess að verða ríkur, a.m.k. ekki á Íslandi. Vinnu- framlag þjálfara er almennt langt



umfram starflýsingu, bæði í vinnutímum og verkefnum - þannig að þjálfarar okkar eiga allar þakkið skyldar fyrir frábært og fírnústarf fyrir börnin okkar!

Ljóst er að æfingagjöld (10 milljónir) og styrkir frá Mosfellsbæ (3-4 milljónir) duga ekki nema fyrir tæplega helmingi rekstr- arkostnaðarins. Það sem á vantar (12-13 milljónir) þarf deildin að ná inn í formi styrkja og fjáraflana. Þetta er mikið verkefni og þó margir aðil- ar taki vel í að styrkja starfið verður sífellt að leita nýrra leiða og nýrra styrktaraðila til að endar náí sam- an. Hugmyndirnar vantar ekki hvað hægt er að gera, en yfirleitt vantar einhvern til að framkvæma þær og halda utan um verkefnið.

Það er gríðarlega mikilvægt í fé- lagsskap eins og okkar að allir leggi sitt að mörkum í starfinu. Þeir 5-6 foreldrar sem veljast í stjórn hafa í raun ekki burði nema til að halda upp lágmarksstarfsemi (þeir eru jú líka í krefjandi vinnu og eiga fjöl- skyldur). Ákvarðanir og undirbúningur í mörgum málum er oft ekki hægt að

vinna jafn ýtarlega og hjá venjuleg- um fyrirtækjum, enda kannski ekki hægt að ætlast til þess. Allt annað starf deildarinnar og starfsemi kring- um einstaka flokka ræðst algerlega að framkvæmdasemi foreldra barna í viðkomandi flokki. Utan stjórn- arinnar eru oft fáir hörkuduglegir foreldrar sem bera ákveðin verkefni uppi og eiga þeir heiður skilinn fyrir sitt ómetanlega framlag.

Eins og sjá má af ofangreindu leggja styrktaraðilar og fjáraflanir fram um helming þess fjármagns sem þarf til rekstursins. Við sem for- eldrar verðum að vera börnum okkar gott fordæmi í að bera virðingu fyrir styrktaraðilum. Án styrktaraðila verður engin starfsemi og við verðum að rækta vel samskiptin við þá sem styrkja okkur núna, annars fara þeir einfaldlega annað. Landsbankinn er aðalstyrktaraðili Aftureldingar og á bankinn heiður skilinn fyrir sinn myndarlega stuðning. Bónus er að- alstyrktaraðili barna- og unglinga- starfsins og ég hvet ykkur til að láta þá, eins og alla aðra styrktaraðila, finna fyrir að við metum framlag þeirra.

Að lokum vona ég að þið hafið notið sumarsins í faðmi fjölskyldu og vina og minni ykkur á að starfið í knattspyrnudeildinni hefur sjaldan verið blómlegra en einmitt nú. Það eru hreinlega forréttindi að fá að vera í forsvari fyrir félaginu - fjöldi ánægðra iðkenda og glæstir sigrar í öllum áttum - þó ekki allir flokkar hafi náð markmiðum sínum í sumar. Aðalmarkmið starfseminnar verður þó alltaf það sama; uppeldisstarf sem veitir börnum og unglingum bæjarins líkamlega og andlega örv- un og hvatningu sem á endanum skil- ar betri þjóðfélagsþegnum.

Daglegt starf félagsins byggist al- gerlega á framtaki okkar foreldra og oftast gildir sú regla að ef eitthvað var ekki gert - þá var það vegna þess að enginn var til að gera það. Ágæti foreldri, ég hvet þig til að leggja þitt að mörkum í starfinu - það er gaman og gefandi og þannig hefur þú áhrif á að halda uppi uppbyggilegu og skemmtilegum mannlífi í bænum okkar.

ÁFRAM AFTURELDING!

Pétur Magnússon
Formaður barna- og unglingaráðs
Knattspyrnudeildar Aftureldingar

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 19. OKTÓBER

Gerum Vesturlandsveginn öruggari!

Vegtenging við Vesturlandsveg

Það er e.t.v. að bera í bakkafullan lækinn að ræða hugmyndir sem þessa íkjölfurumræðnaumtíttnefndan Helgafellsveg en það er engu að síður nauðsynlegt að umræða um framtíðarsýn á vegtengingum við Vesturlandsveg fari fram.



Vesturlandsvegurinn liggur þvert í gegnum bæinn og því skiptir það óneitanlega mjög miklu máli að tengingar við hann séu góðar og umferð um hann greið enda er hann einnig nýttur sem tenging á milli bæjarhverfa ekki ósvipað og Miklabrautin í Reykjavík en gera má ráð fyrir að hlutverk vegarins breytist enn meir í þá átt með tilkomu Sundabrautar.

Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2002-2024 gerir ráð fyrir mislægum gatnamótum við núverandi Þingvallaveg og í sama skjali er gert ráð fyrir göngubrú eða undirgöngum við Leirvogstungu. Síðari breyting á sama skipulagi (des. 2005) gerir ráð fyrir mislægum gatnamótum á Leirvogstungu í tengslum við stækkun fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis þar.

Hversu líklegt er að sett verði tvenn mislægt gatnamót á 1000m kafla á Vesturlandsveginn? Og er það nauðsynlegt? Er það yfir höfuð eftirsóknavert til framtíðar lítið?

Miðað við fyrirliggjandi uppbyggingu íbúabyggðar í Leirvogstungu og iðnaðarsvæðis á Leirvogstungumelum er mjög nauðsynlegt að gera ráð fyrir mislægum gatnamótum þar. Gatnamótin gætu hæglega annað íbúabyggð í Leirvogstungu, iðnaðarsvæðis á melnum, fyrirhugaðri íbúabyggð í Mosfellsdal auk þess að vera tenging fyrir Þingvallaveg.

(sjá mynd)

Hver væri ávinningurinn

Sparnaður sem af þessu hlýst



nemur hundruðum milljóna þar sem aðeins verða ein mislæg gatnamót í stað tveggja.

Greiðari leið væri um Vesturlandsveginn með fækkun stúta og því yrði hann um leið öruggari!

Nýrri íbúabyggð við Leirvogstungu og fyrirhuguðu iðnaðarsvæði á Tungumelum yrði sköpuð besta mögulega vegtenging en það er mjög mikilvægt fyrir bæði hverfin og þróun byggðar í Mosfellsdal.

Þingvallavegur og þar með Mosfellsdalur fengju örugg og greiðfær gatnamót.

Færsla vegarins yfir Köldukvísl við Suðurá gæfi aukna möguleika á heildstæðu skipulagi austan Vesturlandsvegar.

Með núverandi skipulagi sem og þeirri færslu á veginum sem sýnd er á núverandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar verður landið frá Helgafellshlíðum að Köldukvísl ill nýtanlegt.

Minni hætta á umferðaróhöppum sem og minni bið þeirra sem þurfa að fara af Þingvallavegi inn á Vesturlandsveg sem og aukið öryggi vegfaranda við færslu vegarins af melnum norðan Helgafells þar sem þar er oft sviptivinda samt.

Benda má á að leiðin lengist eitt-hvað fyrir þá sem koma frá Reykjavík og ætla í Mosfellsdalinn eða áfram til Þingvalla. Staðreyndin er að núverandi leið frá Vesturlandsvegi að Suðurá er u.þ.b. 1.800 m. Leið frá Vesturlandsvegi að Suðurá um fyrirhuguð mislæg gatnamót á Leirvogstungumelum yrði u.þ.b. 2.000 m. Aukin vegalengd með tilkomu nýrra gatnamóta til Þingvalla yrði ekki nema rétt u.þ.b. 1.000 m.

Mikilvægi umræðunnar

Við þurfum að taka umræðu um hvort við viljum halda tveimur vegtengingum eða hvort við viljum leggja áherslu á ein gatnamót. Mikilvægt er að umræða um framtíðar vegtengingu við Leirvogstungu og Mosfellsdal eigi sér stað enda ekki eftir neinu að bíða. Að leysa málin eftirá eða með bráðabirgðarlausnum eins hringtorginu við Þingvallaveg er óneitanlega alltaf óhagkvæmt og því lítil framtíðarsýn í slíkum lausnum.

Sköpum okkur umferðaröryggi strax frá upphafi.

Martelinn Magnússon
bæjarfulltrúi Framsóknarmanna



Huppa mjólkur yfir 13 tonn á ári

Kýrin Huppa frá Káranesi í Kjós hefur á tæpum 11 mánuðum mjólkað yfir 12 tonn af mjólk, sem er með því allra mesta sem íslensk kýr hefur mjólkað. Huppa er undan Vita frá Hundastapa á Mýrum. Það eru hjónin Finnur Pétursson og Stella Burgess Pétursson sem sjá um daglegan rekstur og bera hitann og þungan af rekstri búins. Fjósið í Káranesi er nýuppgert og búið bestu fánlegu tækjum og tólum. Það er því greinilegt að landbúnaður er í sókn sem aldrei fyrr í Kjósarhreppi.



Vel upplýst í Klébergsskóla

Félagar úr björgunarsveitinni Kili á Kjalarnesi dreifðu nýjum endurskinsmerkjum í alla bekkir í Klébergsskóla á dögnum. Endurskinsmerkin eru frá slysavarnarfélaginu Landsbjörgu og þóttu mjög „töff“ og eyddu krakkarnir drjúgum tíma í að velja sér flottasta merkið. Skemmst er frá því að segja að öll endurskinsmerkin kláruðust og ættu því allir skólakrakkarnir að vera vel upplýstir í skammdeginu.

Subway er lifandi og skemmtilegur vinnustaður með jákvæðu og lífsglöðu starfsfólki.

Sveigjanleg dagvinna

Subway í Mosfellsbæ óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða sveigjanlegan vinnutíma á daginn, 50-80% starf.



Hvetjum eldra fólk til að sækja um. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7009.



...að komið sé í ljós hverjir kepptu fyrir Mosfellsbæ í spurningakeppni sveitarfélaganna. Útsvari. Þettu eru engir aðrir en prófessorinn Höskuldur Þráinsson, rithöfundurinn frá Hvirfli, Bjarki Bjarnason og söngdývan frá Túnfæti, sjálf Diddú. Við mætum Vestmannaeyjum 26. okt.

...að karakter Jóns Gnarr í Næturvaktinni sé byggður á hinum vinstri græna bókasafnsfræðingi Guðjóni Jenssyni þegar hann vann á Essostöðinni, Brúarlandi.

...að Hljómurinn sé farinn í hálfárs frí. Annar helmingurinn mun kanna heiminn næstu mánuði.

...að markahæsti leikmaður í mfl. í fótboltanum í sumar hafi skorað heil tvö mörk, restina úr vítum.

...að Rónafélag Mosfellsbæjar hafi borið fram ályktun vegna brottreksturs Randvers úr Spaugstofunni. Ályktunin var samþykkt samhljóða með glasaupplýtingu á fundi félagsins. Randver leik róna eins og flestir vita sem tvíeykið Bogi og Örvar. Randver aftur í myndver?

...að Tanja sé ólétt.

...að þeir sem eigi árskort á handboltaleikina í vetur bjóðist aðgangur að VIP þar sem boðið er uppá veitingar o.fl. í hálfleik í vetur.

...að fyrrum Mosfellingurinn Alvar Óskarsson ('82) hafi stýrt skútunni (spíttbátum) í höfn á Fáskrúðsfirði á dögum í hinum misheppnaða smygleiðangri.

...að annar uppalinn Mosfellingur, Brasílufanginn Hlynur Smári ('82), sé frjals og farinn að blogga um vist sína í helvíti. www.brasílufanginn.bloggar.is

...að gamlir handboltajálfkar stefni að þátttöku í utandeildinni í vetur undir merkinu Júmboys. Meðal gamalla kempa eru Ingimundur Helga, Þorkell Guðbrands, Palli Þórólfs, Lalli Sigvalda, Jóna Andri Finns, Gunní Guðjóns, Ásgeir Sveins, Jói formaður og fleiri góðir.

...að loksins sé farið að innrétta verðandi hótél á Ásláki.

...að hver glæsivillan á fætur annarri sé til sölu í Reykjaværvi. Verðið hleypur á 8 og 9 stafa tölum. Húsin sem um ræðir eru t.d. Rein, Suður-Reykir og Ásar.

...að Sigurjón M. Egilsson ritstjóri DV sé fluttur í Mosó.



Myndlistarhópar grunnskólanna vinna að sýningu Trílógía í listasalnum

Fyrstu viku septembermánaðar var verkefnið „Arkitektúr - höfuðborgin okkar“ unnið í grunnskólum bæjarins. Nemendurnir fóru til Reykjavíkur, skoðuðu og gerðu skissur af byggingum, götum og mannlífinu í miðborginni, sem þau svo notuðu til úrvinnslu að verkum sínum.

Trílógía er verkefni sem myndlistarhópar skólanna hafa unnið að síðustu þrjú ár.

Árið 2005 var það verkefnið „Rauði þráður biblíunnar“ sem var samnorrænt verkefni sem skólabörn frá Íslandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Danmörku tóku öll þátt í. Verkefni barnanna voru sýnd í Kaupmannahöfn á Nord Atlantins Brygge 2005 og á síðasta ári í Norræna húsinu í

Reykjavík.

Árið 2006 var það verkefnið „Landnám í Mosfellsbæ“. Í því verkefni var Birgir D. Sveinsson fenginn til að fara með börnin um sveitina og segja frá sögu Mosfellsbæjar og landnámi í sveitinni okkar. Einnig var farið í Þjóðminjasafnið.

Yfirlýsing með Trílogíu-verkefninu hefur grafiklistakonan Inger Winther frá Kaupmannahöfn og fyrir hönd Mosfellsbæjar, Björn Þráinn Þórðarson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs. Þann 10. nóvember verður opnuð sýningin Trílógía í Listasal Mosfellsbæjar. Þar verður hægt að sjá öll þrjú verkefni. Sýningin stendur yfir 10.-24.nóvember.



Ágætu viðskiptavinir og aðrir Mosfellingar. Ég þakka ykkur fyrir frábær viðskipti undanfarin 22 ár, á meðan ég rak hársnyrtistofuna Pílus. Mig langar að óska Ragnhildi til hamingju með kaupin á stofunni. Ég vona að hún eigi jafn ánægjuleg viðskipti við ykkur og ég hef átt. Að lokum vil ég vekja athygli ykkar á því að ég er komin til starfa á ný hress og vel gróin. Sjáumst á Pílus næstu 22 árin.

Kveðja, Ingibjörg



SYSTKINI

SKYLDLEIKADÁLKURINN



Birgir D. Sveinsson
Fyrrverandi skólastjóri



Elsa Sveinsdóttir
í KB banka

Í eldhúsinu

HJÁ ÞÓRDÍSI

Fiskur með rauðu pestó

„Hér kemur uppskrift að góðum og fljótlegum fiskrétti. Uppskrift þessa fékk ég hjá saumaklúbbsvinkonu minni og gerði rétturinn mikla lukku í saumaklúbbum og fóru allar með uppskrifina heim. Ég hef eldað þennan rétt nokkrum sinnum. Ég hef líka notað saltfisk í réttinn og getur það vel gengið þó okkur finnst hann betri með nýjum fiski. Verði ykkur að góðu.“

ýsa eða þorskur (má líka nota saltfisk)
rautt pestó
Sólpuurkaðir tómatar
Cherry tómatar
Matreiðslurjómi
Gratínostur
Fiskur skorinn í bita og settur í eldfast mót
Allt sett yfir fiskinn í þessari röð:
Sólpuurkaðir tómatar
Raukt pestó sem hrært hefur verið saman við rjómann
Cherry tómatar



Bakað í ofni við 170° í 10 mín, þá er osturinn settur yfir og bakað í 10 mín til viðbótar. Borið fram með góðu salati og grjónum eða góðu brauði





Pílus
Hársnyrtistofa

Tímappantaniir
í síma 566 60 90

PÍLUSRÁÐ

fyrirspurnir sendist á pilusehf@simnet.is

Pílus
Hársnyrtistofa

Opð: mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga 9-18, fimmtudaga 9-19 og laugardaga 9-14

Pílus hársnyrtistofa - Kjarna - Þverholti 2 - Sími 566 6090

30% AFSLÁTTUR

AF SÓTTUM PIZZUM



Meistaradeildin
og enski boltinn
í beinni

	9" -30%	12" -30%	16" -30%	18" -30%
1. MARGARITA Pízzusósa, ostur, oregano	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
2. BÆJARINS BESTA Pízzusósa, ostur, pepperone, laukur, hvítlaukur, grænir pipar, grænir ólífur, parmesanostur, ananas	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
3. KJÖTVEISLA Pízzusósa, ostur, nautahak, skinka, pepperone	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
4. MILANO Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
5. SUPRIME Pízzusósa, ostur, nautahak, skinka, pepperone, sveppir, paprika, laukur, ananas	1530 1071	2340 1638	2890 2023	3250 2275
6. SALVA Pízzusósa, ostur, skinka, pepperone, sveppir, laukur, grábaostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
7. HAWAII Pízzusósa, ostur, skinka, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
8. PEPPERONE Pízzusósa, ostur, pepperone, laukur, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
9. PIZZA GRÆN Pízzusósa, ostur, sveppir, þistillhyrtu, hvítlaukur, paprika, tómatar, grænir ólífur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
10. OSTAVEISLA Pízzusósa, ostur, piparostur, grábaostur, camembert (þerjasútt fylgir með)	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
11. PIZZA HAFSINS Pízzusósa, ostur, sveppir, túnfiskur, krækisgúr, reikjur, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
12. PISA Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir, piparostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
13. AMERICANA Pízzusósa, ostur, nautahak, sveppir, paprika	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
14. EXTRA PEPPERONE Pízzusósa, ostur, hvítlaukur skammtur af pepperone, auka ostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
15. MEXICO Pízzusósa, ostur, nautahak, gular baunir, jalapeno, paprika, laukur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
16. GRÆNNETISPIZZA Pízzusósa, ostur, sveppir, laukur, paprika, tómatar, gular baunir	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
17. NAPOLI Pízzusósa, ostur, skinka, sveppir, paprika, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
18. 270 Pízzusósa, ostur, skinka, sveppir, aspás, piparostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
19. ETNA Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir, laukur, ferskur chilli, jalapeno, svartur pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
20. ROMA Pízzusósa, ostur, skinka, ananas, beikon	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
21. PSR Pízzusósa, ostur, pepperone, sveppir, rjómaostur, sv. ólífur, sv. pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
22. KRYDDPIZZA (kryddbrauð) Ólífuolía, ostur, kryddblanda	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
23. HVÍTLAUKSPIZZA Ólífuolía, ostur, hvítlaukur, hvítlaukskrydd	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050



SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað ertu með
í vösunum?



ELVAR:

Ekki neitt, ég er í stuttbuxum



ÞORSTEINN: 2 sígarettupakka,
2 kveikjara, 2 lykklakippur og veski



KJARRÍ: Síma, iPod, FM tuner,
húslýkil og bíllykil



RYTIS: Cigarettes and
a cell phone



SVANDÍS:
iPod og síma



KOLLA: Er í náttbuxum,
en er með símann með mér



Golfskvís



Tóttinn á tjúttinu



Gunni í skjýjunum




Á Lundaveiðum



Allir hressir???




Stoltir golfarar



Blautir Gildrubræður



Kyrjað í Kvosinni



Aron Pálmi á Lákanum

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Lúffi P og Gústi Benna Linn



hverfa-Hvarf-hurfum-horfin



Félagarnir í Tælandi



Bæjarstjórnargolfmeistararnir



Skál fyrir Erlu



Atli Bjéééé



Skallapopparar



Davíð og Emil hressir að vanda



Eldað



Rokk on



Gurri fær einn í smettið



Jessssssssss



Stjáni stuð



Til hamingju Ísland



Palli tekur lagið



Alltaf léttiiiiiinnir



Iggi sæti




Þeir kunna að fagna

KARÍUS OG BAKTUS



Í TOPPFORMI
OG VEL TENNT


3 FARAR



DAVÍÐ (LAMBI)



ÖRLYGUR HNEFILL



PUYOL

ÖNUGUR

Hver á það ekki til að vera önnugur, full eða skapillur svona af og til?! Ég er ekkert frábrugðinn öðru fólki að því leyti nema ég er þannig oft, en bara af og til. Þegar ég horfi á mína menn (Liverpool) spila þá er ég svo svartsýnn fyrirfram að þetta sé nánast dauðadæmt frá fyrstu mínútu, „þeir eru að klúðra þessu“. Svo klára mínir menn þetta og allt þetta svartsýnistal mitt var til einskis og ég verð gríðarlega ánægður, en ef jafntefli verður niðurstaðan eða því sem nú verra er að „vesalingarnir“ tapa þessu helvíti þá get ég alltaf sagt „ég vissi þetta alltaf“.

Svo hef ég þann miður skemmtilega sið að blóta hressilega, en mér finnst nú alltaf gott að blóta vel enda er það góð leið til þess að fá örlitla útrás fyrir skapið. En það sem er verra er að ég er farinn að blóta og sletta á útlensku í öllu þessu blóti sem er alls ekki gott mál og ég er ekki stoltur af því enda eigum við Íslendingar mikið safn af skemmtilegum blótsyrðum úr eigin máli til að velja úr.

Ég þarf að fara að venja mig af því að blóta svona enda er dóttir mín komin á þann aldur að apa allt upp eftir manni sem maður segir. Þegar maður er kannski að spjalla í símann við kunningja sinn og segir sakleysislega „Æji haltu kjafti“ þá er eru lítill eyru nálægt sem muna allt svona og svo er maður spurður „þabbi af hverju á xxx að halda kjafti?“

Ég verð stundum full og skapillur. Ég var að vakna einhvern morguninn, svona rétt á milli svefns og vöku og í gríðarlegu svartsýniskasti. Mig hafði dreymt að Liverpool hefði fallið, Visareikningurinn væri kominn, Fram væri Íslandsmeistari í handbolta, konan farinn frá mér, Sjálfstæðisflokkurinn hefði náð hreinum meirihluta á þingi og Álafossamtökin væru að mótmæla í garðinu mínum. En þá áttaði ég mig á því að mig var, til allrar guðslukku, að dreyma. Ég veit um betri leið til að byrja morguninn, en þá mundi ég eftir orðatiltæki sem á vel við: „Vertu nú glaður. Þú er hvorki sköllótur, né að norðan“. Þannig að ég er dauðadæmdur en ég er ekki að norðan.

Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Íbúð óskast til leigu

Óska eftir fjögurra herbergja eða stærra húsnæði á leigu í Mosó. Allar uppl. í síma: 861-1178 (Guðrún)

Laust hjá dagmömmu

Dagamma í Reykjavhverfi. Er með laust pláss. Endilega hafið samband í síma: 566-7393 eða 898-9093.

Barnapössun óskast

Óska eftir barngóðri og traustri stúlku eða konu til að passa þriggja ára dreng í Reykjavhverfi um kvöld og helgar eftir þörfum. Vinsamlegast hafið samband í síma 821 2017 eða 561 1009.

Íbúð til leigu

Fjögurra herbergja íbúð til leigu á tveimur hæðum. Íbúðin er með öllum húsgögnum til staðar. Upplýsingar í síma: 866-6684 (Alli)

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna.

ÍSHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - Sími: 894-0006 - ishamar@ishamar.is



BLÓM GLEÐJA

Hlín
Blómahús

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040

BOLTINN Í BEINNI

Garðar trúbador
laugardagskvöldið 29. sept.
frítt inn



OPIÐ ÖLL KVÖLD



Öll almenn veislu- og veitingaþjónusta

Hvort sem er í heimahús eða í sal.
Höfum sali til leigu

Gæðakokkar - Blikastöðum 2
Símar: 586-8412 / 660-2440





**Bestu pizzurnar
í bænum**

ÞVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

Hressar á vaktinni

Þessar hressu stelpur voru að selja pylsur þegar ljósmyndara Mosfellings bar að garði. Stelpurnar æfa alla fótbolta með Aftureldingu. Pylsvagninn sem margir kalla Mosfellsbæjarins bestu hefur verið drjúgur þáttur í fjóröflunarleiðum knattspyrnudeildarinn að undanförunu.

Mynd/Magnús Már



Byggðarholt - hagstætt verð

Vel skipulögð og innrétuð 159 fm íbúð í 2ja hæða raðhúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnh, fallegt baðherbergi m/hornbaðkari, rúmgott eldhús og sólball með skjólveggjum. Falleg íbúð. **V. 31,5 m.**



Sími:
588 55 30

Opíð virka daga frá kl. 9-18
Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson
Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047



Litlikriki - raðhús

Glæsileg og vel skipulagt 280 fm raðhús á tveimur hæðum og frábæru útsýni. Húsið afhendast fullbúið að utan en fókelt að innan. Afhending í haust. **Verð 36,2**



Háholt

Glæsilegar 85-94 fm. íbúður í nýju fullfrágengnu fjölbýli við Háholt í Mosfellsbæ. Húsið er klætt steinflisum að utan og mjög vandaðar hellulagnir og frágangur á lóð. Eignirnar eru með vonduðum innréttingum. Frágangur góður. Nokkrar íbúðir eftir í þessu glæsilega húsi.



Litlikriki - raðhús á einni hæð

Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli loftthæð á frábærum stað efst við Litlakrika í Mosfellsbæ. Frábært skipulag. Húsin eru 207 fm afhendast langt komin með verönd og innbyggðum bílskúr.



Klapparhlíð

Ný á skrá. Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vonduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opíð í eldhús úr stofu. Eitt rúmgott svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur. **V. 27,5**



Stórikriki - ein/tvíbýli

Glæsilegt 340 fm einbýlishús með samþykktari aukaíbúð á frábærum stað efst í Stórikrika. Húsið skiptist í 280 fm aðalíbúð á tveimur hæðum auk 60 fm íbúðar (2ja herb.) með sér inngangi. Mögulegt er að hafa þrjár íbúðir. Húsið skilast fullbúið að utan með grófjafnaðri lóð og fókelt að innan. Eign með mikla möguleika.



Suður-Reykir

Vel staðsett 253 fm. einbýli inn við Reyki í Mosfellsbæ. Mjög stór 2800 fm. lóð. Húsið hannað af arkitekt. Sólþallur og mjög stór bílskúr. 4 góð svefnherbergi. 2 baðherbergi. Arin. Björt stofa. Stórt eldhús. Fjölskylduvænt hús. Hentar vel fólki sem vill búa rétt utan við mesta þéttbýlið. Óskað er tilboða í eignina.